



Verkamannasamband Íslands

Alþingi

Erindi nr. B 121 / 271

komudagur 29 / 11

1996

Reykjavík 25. nóvember 1996

Félagsmálanefnd Alþingis
Kristín Ástgeirsdóttir

Umsögn um breytingu á frumvarpi til laga um breytingar á lögum nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuþætti og öryggi á vinnustöðum.

Verkamannasamband Íslands telur þær lagabreytingar sem lagðar eru til í frumvarpinu, sem samið var í samstarfi aðila vinnumarkaðarins, stjórnvalda og fulltrúa menntamála í fullu samræmi við þær skuldbindingar sem Ísland hefur tekið á sig vegna EES samningsins. Að auki náðist full samstaða á milli allra aðila um niðurstöðuna.

Í meginatriðum er almenn atvinnuþátttaka barna á grunnskólaaldri á forsendum fullorðinna bönnuð með frumvarpinu. Hins vegar kemur frumvarpið ekki í veg fyrir takmarkaða og léttu vinnu yfir sumartímann. Í raun má segja að frumvarpið stuðli að starfskynningu skólanna í samspili skólanna og sveitarfélaga varðandi nám og starf í vinnuskólum yfir sumartímann. Þetta atriði á að minnsta kosti við þar til formlegur skólatími verður lengdur.

Í frumvarpinu er atvinnuþátttaka unglunga að 18 ára aldri heimiluð en þó þannig að þeir verði ekki látnir vinna óhóflega yfirvinnu og/eða ofreyna sig að öðru leyti andlega eða líkamlega, þ.e. atvinnuþátttaka í samræmi við þroska og eðlilega getu.

Að okkar mati er niðurstaða frumvarpsins í góðu samræmi við efni og anda tilskipunarinnar. Að vísu eru heimiluð ákveðin frávik, en þó innan þeirra marka sem eðlilegt má telja. Það kemur einnig skýrt fram að eftirlit með framkvæmd laganna, formlega og í reynd, er í höndum fjölmargra lögbærra aðila, s.s.:

- * Vinnueftirliti ríkisins hvað snýr beint að vinnumarkaðinum
- * Barnaverndaryfirvalda hvað snýr að börnum almennt
- * Kennara og skólafyrivalda hvað snýr að samspili skólagöngu og atvinnuþátttöku.

Að vísu má benda á að nauðsynlegt getur verið að gera breytingar á öðrum lögum eða ákvæðum þeirra, sbr. grunnskólalög og sjómannalög. Einnig má benda á að æskilegt er að fara í gegnum og breyta ákvæðum kjarasamninga eftir því sem eðlilegt er í samræmi við efni tilskipunarinnar.

Í ljósi ofangreindra atriða eru ekki gerðar efnislegar athugasemdir við frumvarpið.

Virðingarfyllst,
f.h. Verkamannasambands Íslands

Björn Grétar Sveinsson
formaður

Póstfang:

VMSÍ
Pósthólf 8156
128 Reykjavík

Heimilisfang:

Skipholt 50c
Reykjavík

Sími:

562 6410

Símbréf:

552 6830

Netfang:

vmsi@vortex.is